

Nd.

604. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur á fjórum fundum haft frv. til meðferðar.

Eins og fram kom í nefndaráliti félagsmálanefndar efri deildar hafði nefndin fjallað ýtarlega um frv. á fjölmörgum fundum, sent frv. til umsagnar hinum ýmsu aðilum og fengið í hendur athugasemdir og breytingartillögur frá þeim flestum. Enn fremur hafði félagsmálanefnd Ed. kvatt á sinn fund fulltrúa frá mörgum félagasamtökum og aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi skipulag húsnæðismála. Að baki þeirra breytinga, sem gerðar eru á frv. í meðferð Ed., var mikil vinna og ýtarleg skoðun á málinu.

Félagsmálanefnd Nd. fékk í hendur flest þau gögn, er Ed. hafði undir höndum við athugun á frv. Enn fremur kvaddi nefndin á sinn fund formann félagsmálanefndar Ed., Þorvald Garðar Kristjánsson, og framsögumann nefndarinnar, Guðmund Bjarnason, til að skýra ólík sjónarmið í málinu er fram komu í breytingartillögum við afgreiðslu frv. í deildinni.

Jafnframt kvaddi nefndin á sinn fund ýmsa aðila til viðræðna um frv., svo sem húsnæðismálastjórn, fulltrúa Landssambands almennra lífeyrissjóða, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúa Meistarasambands byggingamanna, Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda, Vinnuveitendasambands Íslands, Verktakasambandsins, Óskar Hallgrímsson frá Vinnumáladeild félagsmálaráðuneytisins, Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnun og fulltrúa frá stjórn verkamannabústaða í Reykjavík.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Við, sem myndum meiri hluta nefndarinnar, leggjum til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt frá Ed.

Hér er um þýðingarmikla löggjöf að ræða, sem um árábil hefur verið í endurskoðun og mótun hjá mörgum nefndum skipuðum færustu mönnum á þessu sviði. Miðað við þær umsagnir, sem fyrir liggja, er ljóst að þetta frumvarp, ef að lögum verður, markar tímamót í húsnæðismálum hér á landi.

Í frumvarpinu eru margar nýjungar: Aukið verkefnasvið, sem er til framfara, stórátak í byggingu verkamannabústaða, útrýming heilsuspillandi húsnæðis, félagsað í Nd. var felld niður síðasta setningin í 2. mgr. frv., þ. e.: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabíla, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram.“

Fulltrúi Aflatryggingasjóðs tjáði nefndinni, að sjóðurinn hefði alls ekki bolmagn til að standa undir slíkum greiðslum.

Nefndinni er því ljóst, að þetta atriði ásamt fleirum í sambandi við samþykkt frv. þarf að taka til nánari athugunar svo fljótt sem kostur er. En um önnur þarf að setja nánari ákvæði en verið hafa í kjarasamningum. Sá tími, sem samgöngunefnd hefur til athugunar á þessu máli, er hins vegar of skammur til þess að við verði komið fyrir þinglok slíkum breytingum, og leggur hún því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1980.

Jón Helgason,
form., frsm.

Guðm. Karlsson,
með fyrirvara.

Egill Jónsson,
fundaskr.

Lárus Jónsson.

Stefán Jónsson.

Stefán Guðmundsson.

Eiður Guðnason.